



HRUNAMANNAHREPPUR

21. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 2. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. FEBRÚAR 2016

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2016, þann 4. febrúar kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 4 mál, tilnefningu fulltrúa í starfshóp um friðlýsingu Kerlingarfjalla, beiðni stjórnar Skálholtsstaðar um stuðning við kaupa á hljóðkerfi í Skálholtsdómkirkju, forkaupréttarákvæði vegna sumarhúss í Ásabyggð 17 og deiliskipulagsbreytingu á miðsvæði Flúða vegna lóðarinnar Grund. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindin fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Erindisbréf fyrir Ungmennaráð Hrunamannahrepps.
2. Innanríkisráðuneytið: Stjórnsýslukæra.
3. Stjórn Stóru-Laxárdeildar: Ósk um þátttöku sveitarfélagsins í kostnaði vegna gerð nýrrar göngubrúar yfir gljúfrin inn í Hólma.
4. Mannvit: Umsagnarbeiðni um drög að tillögu að matsáætlun Hálandismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum.
5. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um breytingar á byggingareglugerð.
6. Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps 2015-2019.
7. Fjallaskálar Hrunamannahrepps: Umsókn.
8. Almannaþingin Árnessýslu: Drög að verkefnaáætlun fyrir gerð viðbragðsáætlana sveitarfélaga um langtíma viðbrögð við náttúruhamförum.
9. Drög að samningi um frumhönnun og kostnaðarmati á ljósleiðarkerfi í Hrunamannahreppi.
10. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna.
11. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.
12. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak.
13. Secret Local Adventures: Ferðapjónusta á Hrunamannafrétti.
14. Aðsóknartölur í sundlaugina á Flúðum og tækjasal íþróttahússins fyrir 2015.
15. Deiliskipulag í Gröf.
16. Curron ehf: Samningur um heimaþjónustukerfi vegna félagsþjónustunnar.
17. Áhaldahús: Starfsmannamál.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. Veitustjórn: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 25. janúar s.l.
19. Starfsnefnd um uppbyggingu íþróttasvæðis: Skýrsla um skoðunarferð nefndarinnar í Árborg frá 15. janúar s.l.
20. Skólanefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 27. janúar s.l.
21. Fundargerð vinnuhópar um upplýsingaöflun fyrir nýbúa frá 29. janúar s.l.
22. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar frá 27. janúar s.l. -ligger frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

23. Fundargerð 103. fundar Skipulagsnefndar frá 21. janúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 13. janúar s.l.
Mál nr. 14: Syðra-Langholt IV. Holtabyggð-deiliskipulagsbreyting.
Mál nr. 15: Alifugla-, svína- og loðdýrabú: Fjarlægð bygginga að lóðamörkum.
Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

24. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.: Fundargerð 32. stjórnarfundar frá 21. janúar s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 501. fundar stjórnar frá 14. desember s.l.
- b. SASS: Fundargerð 502. fundar stjórnar frá 17. desember s.l.
- c. SASS: Fundargerð 503. fundar stjórnar frá 22. desember s.l.
- d. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 175. fundar fagráðs Tónlistarskóla Árneseinga frá 25. janúar s.l.
- e. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 245. fundar stjórnar frá 18. janúar s.l.

Kynningarmál:

- f. Ferðamálafulltrúi: Skipting kostnaðar
- g. Stjórn samtaka orkusveitarfélaga: Fundargerð 23. fundar stjórnar frá 19. janúar s.l.
- h. Undirbúningshópur um Sunnlenska skóladaginn 2016.
- i. Ferðamálastofa: Breyting á starfsreglum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.
- j. Umhverfisstofnun: Óheimilar auglýsingar meðfram vegum og annar staðar utan þéttbýlis.
- k. Hestamannafélagið Smári: Ársreikningur hestamannafélagsins Smára 2015.
- l. Héraðsnefnd Árneseinga bs: Fjárhagsáætlun og skipting framlaga 2016.

Fundir framundan:

- m. Dagur leikskólans 5. febrúar nk.
- n. Almannaþingarnefnd Árneseinga: Sameiginlegur fundur almannaverndarnefnda í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi á Hvolsvelli 9. febrúar nk.
- o. SASS: Kynningarfundur um almenningssamgöngur á Hvolsvelli 10. febrúar nk.
- p. Aðalfundur Landsamtaka landeiganda á Íslandi á Hótel Sögu 18. febrúar nk.

Gengið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. **Erindisbréf fyrir Ungmennaráð Hrunamannahrepps.**
Oddviti kynnti drög að erindisbréfi fyrir Ungmennaráð Hrunamannahrepps. Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfið.
2. **Innanríkisráðuneytið: Stjórnsýslukæra.**
Oddviti kynnti bréf frá Innanríkisráðuneytinu þar sem eigendur þriggja fasteigna við Högnastíg kæra fyrirkomulag kostnaðarþátttöku vegna framkvæmda á götunni. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og lögmanns sveitarfélagsins að svara erindinu.
3. **Stjórn Stóru-Laxárdeildar: Ósk um þátttöku sveitarfélagsins í kostnaði vegna gerð nýrrar göngubrúar yfir gljúfrin inn í Hólma.**
Oddviti kynnti bréf frá stjórn Stóru-Laxárdeildar þar sem óskað er eftir þátttöku sveitarfélagsins í greiðslu kostnaðar við göngubrú inn í Hólma. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 100.000.
4. **Mannvit: Umsagnarbeiðni um drög að tillögu að matsáætlun Hálandismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Mannviti um drög að tillögu að matsáætlun Hálandismiðstöðvarinnar í Kerlingarfjöllum. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina sem slíka en bendir á að Kerlingarfjallavinir eigi að vera í upptalningu umsagnaraðila og koma verði fram að stefnt sé að friðlýsingu svæðisins.
5. **Umhverfis- og auðlindaráðuneytið: Umsagnarbeiðni um breytingar á byggingareglugerð.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu um breytingar á byggingareglugerðinni. Sveitarstjórn vísar málinu til skipulagsnefndar.
6. **Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps 2016-2020.**
Oddviti kynnti Jafnréttisáætlun Hrunamannahrepps 2016-2020. Sveitarstjórn samþykkir Jafnréttisáætluna með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

7. **Fjallaskálar Hrunamannahrepps: Umsókn.**
Oddviti kynnti umsókn sem barst vegna leigu á fjallaskálum sveitarfélagsins á Hrunamannaafrétti. Umsókn barst frá þeim Kristínu Erlu Ingimarsdóttur og Styrmí Þorsteinssyni. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við þau Kristínu Erlu og Styrmí um leigu á skálunum.
8. **Almannavarnir Árnessýslu: Drög að verkefnaáætlun fyrir gerð viðbragðsáætlana sveitarfélaga um langtíma viðbrögð við náttúruhamförum.**
Oddviti kynnti drög að verkefnaáætlun fyrir gerð viðbragðsáætlana sveitarfélaga um langtíma viðbrögð við náttúruhamförum frá Almannavörnum Árnessýslu. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra og varaoddvita að stofna hóp til að vinna að áætluninni með AÁ.
9. **Drög að samningi um frumhönnun og kostnaðarmati á ljósleiðarakerfi í Hrunamannahreppi.**
Oddviti kynnti drög að samningi við Guðmund Daníelsson um frumhönnun og kostnaðarmat á ljósleiðarakerfi í Hrunamannahrepp en verkefnið er tilkomið í samstarfi við Tækni- og Uppsveita. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Guðmund um verkefnið og felur sveitarstjóra að undirrita samninginn.
10. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til veitustjórnar.
11. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga. Sveitarstjórn samþykkir að vísa málinu til veitustjórnar.
12. **Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak. Sveitarstjórn Hrunamannahrepps leggst gegn breytingum á núverandi fyrirkomulagi vegna sölu á áfengi.
13. **Secret Local Adventures: Ferðapjónusta á Hrunamannaafrétti.**
Oddviti kynnti bréf frá ferðapjónustufyrirtækinu Secret Local Adventures í Hrunamannahreppi þar sem félagið er að fara fram á að taka gamla fjallmannaskálann við Heiðará í fóstur auk annara atriða sem snerta ferðapjónustu á Hrunamannaafrétti. Landbúnaðarnefnd hefur tekið málið fyrir og er jákvæð gagnvart þessum hugmyndum. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Secret Local Adventures um þessi atriði.
14. **Aðsóknartölur í sundlaugina á Flúðum og tækjasal ípróttahússins fyrir 2015.**
Oddviti kynnti samantekt á aðsókn í sundlaugina á Flúðum og tækjasal ípróttahússins fyrir árið 2015. Alls sóttu sundlaugina tæplega 12.000 manns sem er talsverð fækkun frá fyrra ári. Þá sóttu á árinu 2015 rúmlega 2.300 manns tækjasal ípróttahússins sem er fækkun frá fyrra ári.
15. **Deiliskipulag í Gröf.**
Oddviti kynnti forsoðn vegna vals á skipulagsráðgjafa vegna gerðar deiliskipulags í Gröf og niðurstöðu verðkönnunar og hugmynda þeirra skipulagsráðgjafa sem gefið var kost á að taka þátt í verkefninu. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Landform ehf sem ráðgjafa vegna deiliskipulags í Gröf.
16. **Curron ehf: Samningur um heimaþjónustukerfi vegna félagsþjónustunnar.**
Oddviti kynnti samning um heimaþjónustukerfi vegna heimaþjónustu félagsþjónustunnar. Gert er ráð fyrir að sveitarfélögin í Uppsveitum og Flóa standi sameiginlega að þessum samningi. Sveitarstjórn samþykkir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

17. **Áhaldahús: Starfsmannamál.**

Oddviti fór yfir starfsmannamál í áhaldahúsi og þær breytingar sem þarf að gera á mannahaldi einkum vegna aukinna verkefna til að sinna seyruverkefni Uppsveita og Flóa. Veitustjórn hefur einnig samþykkt að auglýsa eftir starfsmanni í hálf t starf til að sinna auknum verkefnum Hitaveitunnar. Sveitarstjórn samþykkir því að auka starfshlutfall í áhaldahúsi og að láta auglýsa eftir starfsmanni í fullt starf sem myndi skiptast milli áhaldahúss og Hitaveitu Flúða.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

18. **Veitustjórn: Fundargerð 10. fundar stjórnar frá 25. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar stjórnar frá 25. janúar s.l. Þar var farið yfir bráðabirgðauppgjör Hitaveitu Flúða. Kynnt var tilboð í rafstöð fyrir dælustöðina í Götu og samþykkt að kaupa 17,6kw stöð. Fjallað var um frosttjón sem varð á flugstöð Isavia á Flúðum og farið var yfir starfsmannamál og samþykkt að ráða starfsmann í hlutastarf fyrir Hitaveitu Flúða. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

19. **Starfsnefnd um uppbyggingu íþróttasvæðis: Skýrsla um skoðunarferð nefndarinnar í Árborg frá 15. janúar s.l.**

Oddviti kynnti skýrslu nefndar um uppbyggingu íþróttasvæðis. Farið var á Selfoss og skoðað nýtt mannvirki við sundlaugina á Selfossi með fulltrúum Árborgar og einnig var farið yfir íþróttavelli Árborgar.

20. **Skólanefnd: Fundargerð 8. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 27. janúar s.l.**

Oddviti kynnti 8. fundargerð skólanefndar frá 27. janúar s.l. Þar var farið yfir skýrslu skólustjóra þar sem niðurstöður samræmdu prófanna fyrir 10. og 7. bekk voru kynntar, farið yfir viðburði vetrarins og hverjir hafa komið í heimsókn í skólann. Mikil endurmenntun hefur verið hjá kennurum í vetur bæði innan og utanlands, skólustjórnendum var falið að gera úttekt á innleiðingu nýrrar skólastefnu og verður ytra mat á Flúðaskóla gert á vorönn á vegum menntamálaráðuneytisins. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina og lýsir ánægju með niðurstöðu samræmdu prófanna í Flúðaskóla.

21. **Fundargerð vinnuhópar um upplýsingaöflun fyrir nýbúa frá 29. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð vinnuhóps um upplýsingaöflun fyrir nýbúa. Þar var farið yfir stöðu mála og rædd næstu skref í vinnu við upplýsinga bækling fyrir nýbúa. Að óbreyttu er gert ráð fyrir að vinnu nefndarinnar sé að ljúka.

22. **Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 10. fundar nefndarinnar frá 27. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 10. fundar landbúnaðarnefndar frá 27. janúar s.l. Þar var farið fyrir hugmyndir að skiltamerkingum á Hrunamannaafretti og erindi frá Secret Local Adventures sem tekið var vel í. Þá voru lögð drög að verkáætlan varðandi Hrunaréttir, rætt um skálaafnot og girðingar á afretti. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu:

23. **Fundargerð 103. fundar Skipulagsnefndar frá 21. janúar s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 13. janúar s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 103. fundar skipulagsnefndar frá 21. janúar s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varða Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 19: Syðra-Langholt IV. Holtabyggð-deiliskipulagsbreyting.

Oddviti kynnti tillögu að breytingu á deiliskipulagi í frístundabyggðinni Holtabyggð úr landi Syðra-Langholts 4. Breytingin nær til nokkura lóða þar sem almennt er verið að stækka byggingareiti auk þess sem verið er að skipta upp nokkrum lóðum og lagfæra önnur lóðamörk

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar um að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og óskað verði eftir undanþágu frá ákvæðum skipulagsreglugerðar vegna fjarlægðar frá tengivegi á lóð 501 B.

Mál nr. 20: Alifugla-, svína- og loðdýrabú: Fjarlægð bygginga að lóðamörkum.

Oddviti kynnti hugmyndir hvaða kröfur ætti að gera til deiliskipulags fyrir starfssemi sem fylgja kvaðir um fjarlægðarmörk. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að skipulagsfulltrúa verði falið að vinna að gátlista um þau atriði sem fjalla þarf um í deiliskipulagi fyrir slíka starfssemi í samráði við Skipulagsstofnun.

Mál nr. 21: Afgreiðslur byggingafulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 13. janúar s.l.

24. Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.: Fundargerð 32. stjórnarfundar frá 21. janúar s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 32. fundar stjórnar byggðasamlagsins frá 21. janúar s.l. Þar var fjallað um hvaða breytingar þurfi að gera á samþykktum byggðasamlagsins í tengslum við innkomu Tæknisviðs Uppsveita. Þá var farið yfir fjárhagsáætlun 2016, lagt til að leigð yrði bifreið fyrir embættið og samþykkt að auglýsa eftir tveimur starfsmönnum. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

25. Umhverfisstofnun: Beiðni um tilnefningu fulltrúa í starfshóp um friðlýsingu Kerlingarfjalla.

Oddviti kynnti beiðni Umhverfisstofnunar um að tilnefna fulltrúa sveitarfélagsins í starfshóp um friðlýsingu Kerlingarfjalla. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna í starfshópinn Ragnar Magnússon og til vara Halldóru Hjörleifsdóttur.

26. Stjórn Skálholtsstaðar: Beiðni um stuðning við kaup á hljóðkerfi í Skálholtsdómkirkju.

Oddviti kynnti erindi stjórnar Skálholtsstaðar um stuðning við kaup á hljóðkerfi í Skálholtsdómkirkju. Áætlaður kostnaður er kr. 2.500.000 en leitað hefur verið eftir stuðningi sveitarfélaga í Uppsveitum, sóknarnefnda og fyrirtækja á svæðinu. Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir að vísa því til Oddvitanefndar Laugaráslæknishéraðs.

27. Forkaupsréttur: Beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti að sumarhúsi í Ásabyggð 17.

Oddviti kynnti beiðni frá fasteignasölnunni Höfða að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsréti sínum að fasteigninni Ásabyggð 17 skv. kauptilboði í eignina dagsettu 3. febrúar s.l. Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Ásabyggð 17 í Hrunamannahreppi.

28. Deiliskipulagsbreyting: Deiliskipulagsbreyting á miðsvæði Flúða vegna lóðarinnar Grund.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi miðsvæðis Flúða vegna verslunar- og þjónustulóðarinnar Grund. Í breytingunni felst að byggingarreitur lóðarinnar stækkar til norðurs í átt að lóðarmörkum til samræmis við afmörkun hans í eldra deiliskipulagi frá 7. apríl 2010. Ekki er gerð breyting á skilmálum sem varða lóðina.

Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir sveitarstjórn hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um grenndarkynningu fyrir eigendum Akurgerðis 1 og að gerð verði grein fyrir lagnakvöð vegna fráveitu Hrunamannahrepps við norðurhluta lóðarinnar. Ef engar athugasemdir koma við grenndarkynningu er skipulagsfulltrúa falið að auglýsa samþykkt skipulagsins í B-deild stjórnartíðinda.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **SASS: Fundargerð 501. fundar stjórnar frá 14. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 502. fundar stjórnar frá 17. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 503. fundar stjórnar frá 22. desember s.l.** Lagt fram til kynningar.
- d. **Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 175. fundar fagráðs Tónlistarskóla Árnesinga frá 25. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- e. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 245. fundar stjórnar frá 18. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- f. **Ferðamálafulltrúi: Skipting kostnaðar.** Lagt fram til kynningar.
- g. **Stjórn samtaka orkusveitarfélaga: Fundargerð 23. fundar stjórnar frá 19. janúar s.l.** Lagt fram til kynningar.
- h. **Undirbúningshópur um Sunnlenska skóladaginn 2016.** Lagt fram til kynningar.
- i. **Ferðamálastofa: Breyting á starfsreglum Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.** Lagt fram til kynningar.
- j. **Umhverfisstofnun: Óheimilar auglýsingar meðfram vegum og annar staðar utan þéttbýlis.** Lagt fram til kynningar.
- k. **Hestamannafélagið Smári: Ársreikningur hestamannafélagsins Smára 2015.** Lagt fram til kynningar.
- l. **Héraðsnefnd Árnesinga bs: Fjárhagsáætlun og skipting framlaga 2016.** Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- m. **Dagur leikskólans 5. febrúar nk.** Lagt fram til kynningar.
- n. **Almannavarnarnefnd Árnassýslu: Sameiginlegur fundur almannaverndarnefnda í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi á Hvolsvelli 9. febrúar nk.** Lagt fram til kynningar.
- o. **SASS: Kynningarfundur um almenningssamgöngur á Hvolsvelli 10. febrúar nk.** Lagt fram til kynningar.
- p. **Aðalfundur Landsamtaka landeiganda á Íslandi á Hótel Sögu 18. febrúar nk.** Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:30.